

Arctic Sea Farm ehf.
Sindragötu 10
400 Ísafjörður

1. desember 2025
UOS2505057/A.p.
11.12.01

Ákvörðun um breytingu á starfsleyfi Arctic Sea Farm ehf. í Arnarfirði

Umhverfis- og orkustofnun vísar til umsóknar Arctic Sea Farm ehf. (hér eftir rekstraraðili), kt. 700807-0450, sem barst þann 9. apríl 2025, um breytingu á starfsleyfi félagsins. Rekstraraðili er með gilt starfsleyfi frá 17. mars 2022 til 17. mars 2038 sem heimilar kynslóðaskipt eldi í sjókvíum í Arnarfirði með að hámarki 4.000 tonna lífmassa á hverjum tíma innan tveggja eldissvæða, Lækjarbót og Hvestudal.

Í breytingunni felst að heimila rekstraraðila að vera með kynslóðaskipt eldi í sjókvíum innan sjókvíaeldissvæðis A, eldissvæðis í Trostansfirði. Breytingin felur ekki í sér aukið umfang.

Í auglýstu starfsleyfi rekstraraðila í Arnarfirði frá árinu 2021 voru auglýst þrjú eldissvæði, við Lækjarbót, Hvestudal og í Trostansfirði. Við ákvörðun um útgáfu leyfisins var eldissvæðið í Trostansfirði tekið út. Það var gert til samræmis við rekstrarleyfi Matvælastofnunar í ljósi þess að Hafrannsóknastofnun taldi vafa leika á því hvort Matvælastofnun gæti tryggt að skilyrði 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi yrðu uppfyllt er varðar fjarlægðarmörk sjókvíaeldisstöðvar frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu. Með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála nr. 36/2022 var felld úr gildi ákvörðun Umhverfisstofnunar um að heimila ekki kynslóðaskipt eldi í sjókvíum í Trostansfirði og lagt fyrir stofnunina að taka þann þátt ákvörðunar um starfsleyfi til endurskoðunar bærisk um það beiðni frá kæranda/rekstraraðila.

Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn, sbr. 2. mgr. 6. laga nr. 7/1998. Ef endurskoðun eða breyting á starfsleyfi leiðir til breytingar á starfsleyfisskilyrðum skal Umhverfis- og orkustofnun auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki fjórar vikur. Umhverfis- og orkustofnun telur að um minniháttar breytingu sé að ræða og því óþarft að endurskoða starfsleyfið í heild, sbr. 2. mgr. 14. laga nr. 7/1998.

Við vinnslu breytingar á starfsleyfinu barst áhættumat siglinga fyrir Trostansfjörð, unnið af ráðgjafa á vegum rekstraraðila í samráði við Vegagerðina. Niðurstaða áhættumatsins er að

staðsetning fiskeldissvæðisins í Trostansfirði hafi lítil sem engin áhrif á siglingaöryggi í suðurfjörðum Arnarfjarðar. Vegagerðin tekur undir það og telur fyrirhugað fiskeldissvæði ekki ógna siglingaöryggi og að engar mótvægisáðgerðir séu nauðsynlegar en merkingar þurfa að vera í samræmi við reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi. Áhættumat siglinga var jafnframt sent til Samgöngustofu til umsagnar og gerir stofnunin ekki athugasemdir við staðsetningu fyrirhugaðs eldissvæðis, að því gefnu að farið sé að fyrirmælum um staðsetningar kvía og festinga að því er varðar hvíta ljósgeira vita og lögum og reglum sem um starfsemina gilda.

Umhverfis- og orkustofnun óskaði þann 7. maí sl. eftir mati rekstraraðila á áhrifum fyrirhugaðrar starfsemi á vatnshlotið Arnarfjörð (101-1384-C). Áhrifamatið barst þann 19. ágúst sl. og er niðurstaða þess að starfsemin muni ekki hafa neikvæð áhrif á vatnsgæði vatnshlotsins og valda því að þau umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir það náist ekki. Umhverfis- og orkustofnun hefur farið yfir áhrifamatið og gerir ekki athugasemdir við það en hefur leiðbeint rekstraraðila um hvernig skuli vakta gæðapætti skv. stjórn vatnamála við vinnslu rekstraraðila á uppfærðri vöktunaráætlun.

Umhverfis- og orkustofnun auglýsti tillögu að breytingu á starfsleyfi, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir á tímabilinu 10. október til og með 10. nóvember sl. Auglýsingin var birt á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar. Heimilt var að gera athugasemdir við tillöguna á tímabilinu. Tilkynning um opinbera auglýsingu var send til rekstraraðila, sveitarfélagsins, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Matvælastofnunar, Skipulagsstofnunar, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, Vegagerðarinnar, Landhelgisgæslu Íslands, Samgöngustofu, Hafrannsóknastofnunar, Samtaka fyrirtækja á sjávarútvegi og Landsambands veiðifélaga. Engar athugasemdir bárust.

Um eldissvæðið í Trostansfirði gilda að öðru leyti kröfur í starfsleyfi rekstraraðila í Arnarfirði sem gefið var út 17. mars 2022 og gildir til 17. mars 2038.

Umhverfis- og orkustofnun hefur tekið ákvörðun um að gera eftirfarandi breytingar á starfsleyfi rekstraraðila:


1. Breyting verður á grein 1.2 í starfsleyfinu og við bætist eftirfarandi sjókvíaeldissvæði:

Sjókvíaeldissvæði A

Eldissvæði í Trostansfirði

2. Kort í viðauka 1 er uppfært auk þess sem textinn fyrir ofan myndina verður:

„Á kortinu má sjá staðsetningar eldissvæða í Arctic Sea Farm hf. í Arnarfirði, sjókvíaeldissvæði Trostanfjörð (hnit 1-4), sjókvíaeldissvæði Lækjarbót (hnit 5-8) og sjókvíaeldissvæði Hvestudal (hnit 9-12).“



3. Breyting verður á hnitstöflu á bls. 12 þannig að við bætast hnit sjókvíeldissvæðis A í Trostansfirði:

Eldissvæði	Hornpunktar	Hnit
Trostansfjörður	1	N 65°38.130 V 23°26.400
	2	N 65°38.400 V 23°25.800
	3	N 65°37.850 V 23°24.550
	4	N 65°37.580 V 23°25.180
Eldissvæði	Hornpunktar	Hnit
Lækjarbót	5	N 65°49.050 V 23°47.920
	6	N 65°48.400 V 23°46.550
	7	N 65°47.990 V 23°47.350
	8	N 65°48.590 V 23°48.840
Eldissvæði	Hornpunktar	Hnit
Hvestudalur	9	N 65°42.900 V 23°40.260
	10	N 65°43.300 V 23°39.640
	11	N 65°42.790 V 23°37.650
	12	N 65°42.400 V 23°38.300

Að auki hefur rekstraraðili gert breytingar á vöktunaráætlun að beiðni Umhverfis- og orkustofnunar að því leyti að hún taki einnig til vöktunar á og við eldissvæðið í Trostansfirði.

Kæruheimild og kærufrestur

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um breytingu á starfsleyfi er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunarinnar, skv. 65. gr. laga. nr. 7/1998, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Virðingarfyllst,

Gestur Pétursson

forstjóri

Agnes Þorkelsdóttir

sérfræðingur